Ár 1975, miðvikudaginn 24. september, var í málinu nr. 7/1974 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

## Úrskurður:

Tildrög máls þessa eru þau, að ágreiningur hefur risið milli hreppsnefndar Hvolhrepps í Rangárvallasýslu annars vegar og landbúnaðarráðuneytisins hins vegar, hvernig haga beri skattlagningu jarðarinnar Stórólfsvalla til fasteignaskatts. Á jörðinni er rekin graskögglaverksmiðja og á ræktuðu landi jarðarinnar er stundaður heyskapur í þágu verksmiðjunnar. Auk verksmiðjuhússins sjálfra hafa verið reist geymsluhús, þar sem geymd er framleiðsla verksmiðjunnar og svo vélar.

Ofangreind fasteign hefur verið skattlögð til fasteignaskatts af hálfu hreppsnefndar Hvolhrepps á grundvelli b-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Er sú skattlagning á því sjónarmiði reist, að fasteignin sé nýtt í þágu verksmiðjuframleiðslu á heykögglum en ekki til landbúnaðar.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1974, kærði landbúnaðarráðuneytið framangreinda skattheimtu. Er kæran á því byggð, að umrædd hagnýting fasteignarinnar falli undir landbúnað og beri því að skattleggja hana samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, eins og nánar er rökstutt í síðastgreindu bréfi.

Fallast verður á, að verksmiðjuframleiðsla á heykögglum geti ekki talist til landbúnaðar í skilningi 3. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972, enda sé framleiðslan ætluð til sölu en ekki í þarfir búfjárræktar á viðkomandi fasteign sjálfri. Hins vegar verður að telja heyöflun í þágu verksmiðjunnar til landbúnaðar í skilningi umrædds ákvæðis laga nr. 8/1972, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Samkvæmt því ber að skattleggja tún og annað landbúnaðarland jarðarinnar á grundvelli a-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972, en mannvirki á grundvelli b-liðs sömu lagagreinar.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Tún og annað landbúnaðarland jarðarinnar Stórólfsvalla í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, skal skattlagt til fasteignaskatts á grundvelli a-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en fasteignin að öðru leyti á grundvelli b-liðs sömu lagagreinar.

Gaukur Jörundsson

. Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoroddsen